

KENNSLUÁÆTLUN

Grein: Mannalíffræði
Undanfari: LIFV1GN05

Heiti áfanga: LÍFF3ML05

Kennslugögn: The Human Body frá BBC (1998) og fleiri áhugaverðir þættir fer allt eftir námsefni hverju sinni. Ítarefni: Inquiry into life eftir Sylviu S. Mader.

Annað efni kynnt í kennslustundum, stuðst við ýmsar bækur, tímarit og vefsíður. Upplýsingar um námsefni og itarefni verður aðgengilegt á INNU

Markmið áfangans:

- Áfanginn á að veita nemendum greinargott yfirlit yfir mannsævina.
- Nemandinn á að loknum þessum áfanga að hafa öðlast þekkingu og skilning á þroskun mannlíkamans frá getnaði til elliára og dauða.
- Nemandi þekki gang frjóvgunar eggs, þroska fósturvísis og fósturs fram að fæðingu.
- Nemandinn þarf að hafa yfirlit yfir vöxt og þroska barns og æskuáranna.
- Þekkjja þroskabreytingar á unglingsárum hjá báðum kynjum, bæði hvað varðar líkamsgerð, kynþroska og kynstarfsemi.
- Farið verður yfir þróun líkamans fram á miðjan aldur, með áherslur á nútíma lífshætti og vandamál.
- Efri ár, öldrunarbreytingar og helstu vandamál henni tengd.
- Að lokum aðdragandi dauða og dauði sem eðlilegt ferli.

Kennsluform: Kennslan er í formi myndefnis, fyrirlestra, verkefnavinnu nemenda og umræðna.

Um verkefni: Verkefni eru tímaverkefni, umræðuverkefni og heimaverkefni.

Námsmat: Ekki er hefðbundið lokapróf í áfanganum. Áfanginn er verkefnaáfangi með nokkrum hlutaprófum og **verkefnamöppu** sem skila þarf í lok annar.

Við útreikning á lokaeinkunn er miðað við eftirfarandi:

- **Hlutapróf 20%**
- **Ritgerð 15%**
- **Glósur 10%**
- **Verkefni 25%**
- **umræða/hópavinna 10%**
- **Mappa 10%**
- **Mæting/ástundun** (virkni í kennslustundum) **10%** (raunmæting án tillits til veikinda, eða forfalla) Ástundun, rökstutt mat kennara á áhuga og viðleitni nemenda í kennslutímum og í verkefnavinnu.

- Allir þurfa að taka hlutaprófin með **lágmarks meðaleinkunn 5**. Auk þess þarf að skila ritgerð og möppu til að standast áfangann. Nemendur verða að skila a.m.k. 80% af öllum heima - og/eða tímaverkefnum. Einkunn miðast ætíð **við 100% verkefnaskil**. Ekki eru metin til einkunna verkefni eða skýrslur sem skilað er þegar meira en vika er liðin frá því að þau voru sett fyrir eða tilraun framkvæmd, eða þegar kennari hefur skilað slíku efni til baka til nemenda. Til að

Ath. að allir nemendur með frávík frá skólasókn, þ.m.t. árekstur, eða mikið fjarverandi vegna veikinda, (þannig að raunmæting er undir 80%) taka lokapróf til að standast áfangann. Lokapróf er þá 70% af lokaeinkunn og vinna á önn 30%

Áætlun annarinnar:

Vika	Dagsetningar	Efni	
1	5.1-6.1	Kynning á námsefni áfangans.	
2	9.1-13.1	Ritgerð/kynning Kynfrumur og frjóvgun	
3	16.1-20.1	Meðganga og fósturþroskun	Þáttur 1
4	23.1-27.1	Meðganga og fósturþroskun	Þáttur 2
5	30.1-3.2	Barnsárin	
6	6.2-10.2	Barnsárin	
7	13.2-17.2	Ritgerðarvinna	
8	20.2-24.2	Unglingsárin	
9	27.2-3.3	Opnir dagar	Þáttur 3
10	6.3-10.3	Unglingsárin	
11	13.3-17.3	Unglingsárin	Þáttur 4
12	20.3-24.3	Unglingsárin	
13	27.3-31.3	Miður aldur	Þáttur 5
14	3.4-7.4	Miður aldur	
15	8.4-18.4	Páskafri	
16	19.4-21.4	Elliárin	Þáttur 6
17	24.4-28.4	Elliárin	
18	1.5-5.5	Dauðinn	Þáttur 7
19	8.5-9.5	Samantekt og viðtöl	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Kennari: Þorbjörg Ragnarsdóttir thorra@fva.is
hólf nr. 15